

Verkfræðistofa Austurlands ehf  
Sveinn Þórarinsson  
Selási 15  
700 Egilsstaðir

2000090053  
7613; 9310

Reykjavík, 27. október 2000  
/--

### **Efni: Sorpurðun á Heydalamelum í Breiðdal, Breiðdalshreppi. Ákvörðun um matsskyldu**

Vísað er til erindis Verkfræðistofu Austurlands ehf. dags. 21. september 2000 þar sem samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er, f.h. Breiðdalshrepps, óskað eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna sorpurðunar á Heydalamelum í Breiðdal, Breiðdalshreppi.

Skipulagsstofnun leitaði álits Náttúruverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Hollustuverndar ríkisins og veiðimálastjóra. Álit bárust frá Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 10. október 2000, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 10. október 2000, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 16. október 2000 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 6. október 2000. Í kjölfar álita bárust Skipulagsstofnun einnig frekari upplýsingar Verkfræðistofu Austurlands ehf. f.h. Breiðdalshrepps með bréfi dags. 19. október 2000.

### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að um er að ræða sorpurðunarstað á Heydalamelum í Breiðdal þar sem ætlunin er að taka árlega á móti u.þ.b. 340 tonnum af urðanlegu sorpi, þ.e. 300 tonnum af heimilissorpi og 40 tonnum af verslunar- og iðnaðarúrgangi, en sorp hefur verið urðað á þessum stað frá miðju ári 1997. Tilgangur framkvæmdarinnar er að uppfylla kröfur um sorphirðu og förgun sorps ásamt því að koma á fyrirkomulagi sem er hagkvæmt og ásættanlegt fyrir þær aðstæður sem eru í Breiðdalshreppi en áætlað er að halda áfram urðun sorps með svipuðu móti og verið hefur.

### **Umhverfisáhrif**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Framkvæmdinni fylgi vissulega röskun á landi og

yfirborði þess en sú röskun sé aðeins tímabundin. Þá komi framkvæmdin til með að raska, í einhverjum mæli, jarðlögum þar sem urðunin fer fram. Vatnsból í nágrenni við framkvæmdarstaðinn eru engin og grunnvatnsrennsli á svæðinu er afar lítið og af því dregur framkvæmdaraðili þá ályktun að vatnsmengun verði lítil sem engin vegna framkvæmdarinnar m.a. vegna síunareiginleika jarðlaganna á staðnum.

Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdin muni hafa lítil áhrif á gæði lofts við urðunarstaðinn en að einhver óþefur komi til með að fylgja framkvæmdinni. Hann megi hins vegar takmarka með mótvægisáðgerðum s.s. að þekja sorpið vel að urðun lokinni og flokka sorpið til að koma í veg fyrir lyktarmengun. Þá telur framkvæmdaraðili að framkvæmdin komi til með að hafa lítil áhrif á gróður eða dýralíf.

Í áliti veiðimálastjóra kemur fram að hann telji að gerð sé nægileg grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á nærliggjandi ferskvatn og veiðiskap og telur því hagsmunum í veiðimálum ekki gera kröfur um matsferli samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands bendir á að sorp hafi verið urðað á Heydalamelum án starfsleyfis frá 1. júní 1998. Fram kemur að ávallt hafi verið góð umgengni á urðunarstað af hálfu framkvæmdaraðila. Þó er vakin athygli á því að ekki liggi fyrir neinar mengunarmælingar frá framkvæmdasvæðinu eftir að urðun hófst. Telur Heilbrigðiseftirlit Austurlands nauðsynlegt að slíkar mælingar fari fram áður en fallið verði frá þeirri kröfu að fram fari mat á umhverfisáhrifum en vísar þó jafnframt til þess að litlar líkur séu á mengun vegna mikilla þynningaráhrifa. Heilbrigðiseftirlit Austurlands telur framkvæmdina falla undir eldri lög um mat á umhverfisáhrifum.

Náttúruvernd ríkisins segist í áliti sínu geta fallist á að ekki sé um matsskylda framkvæmd að ræða. Hins vegar telur stofnunin eðlilegt að mengunarmælingar liggi fyrir áður en endanleg ákvörðun sé tekin um matsskyldu og vísar einnig til þess að samanlagður úrgangur sé, að viðbættum 150 tonnum af sláturúrgangi, 490 tonn og því þurfi að rökstyðja sérstaklega hvers vegna ráð sé gert fyrir því að sorp aukist ekki í nánustu framtíð og fari yfir 500 tonn árlega og verði þ.a.l. matsskyld skv. 1. viðauka laga nr. 106/2000. Þá telur stofnunin það galla að ekki séu sýndar rannsóknir á nærliggjandi veiðivötnum samkvæmt bréfi veiðimálastjóra til framkvæmdaraðila, dags. 6. apríl 1998.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrstu formlegu samskipti við Skipulagsstofnun vegna málsins hafi verið þann 21. september 2000 þar sem óskað var eftir áliti stofnunarinnar á matsskyldu sorpurðunarinnar. Því sé það ótvírætt að fjallað sé um framkvæmdina samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Fram kemur að gert sé ráð fyrir því að í starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn verði kveðið á um mengunarrannsóknir og ákveðin vöktunargildi á mengandi efnum. Framkvæmdaraðili bendir á að urðun á sláturúrgangi fari fram á öðru svæði en hér sé til umfjöllunar samkvæmt sérstöku samkomulagi milli umboðsmanns landeiganda og rekstraraðila sláturhúss og með vitund og samþykki

sveitarstjórnar. Fram kemur að miklar líkur séu á að slátrun leggist af á Breiðdalsvík á næstu árum. Framkvæmdaraðili bendir á að fólksfækkun hafi verið mikil í sveitarfélaginu síðustu fimm árin og meðan þróunin sé sú sé ekki fyrirsjáanleg aukning í sorpurðun í byggðarlaginu. Jafnframt kemur fram að fyrirhuguð sé frekari flokkun sorps en verið hefur.

Hollustuvernd ríkisins telur að stærð urðunarstaðarins og fjarlægð hans frá Breiðdalsá sé slík að ekki sé líklegt að um umtalsverð umhverfisáhrif verði að ræða, verði frágangur við staðinn með fullnægjandi hætti. Stofnunin gerir þó athugasemd við það að ekki sé fullreynt samstarf við nágrannasveitarfélög Breiðadalshrepps um rekstur sameiginlegs urðunarstaðar og að það sé kostur sem kanna ætti nánar og bera saman við urðun á Heydalamelum.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að það hljóti að fara nokkuð eftir aðstæðum og kostnaði hvort lítil sveitarfélög leysi sín sorpmál sjálf eða í samvinnu við önnur.

### **Niðurstaða**

Um er að ræða árlega sorpförgun á u.þ.b. 340 tonnum af urðanlegu sorpi, þ.e. 300 tonnum af heimilissorpi og 40 tonnum af verslunar- og iðnaðarúrgangi sem samkvæmt 6. gr. og lið 11.b. í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Umsagnir veiðimálastjóra, Náttúruverndar ríkisins og Hollustuverndar ríkisins eru þess efnis að fyrirhuguð framkvæmd komi ekki til með að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Náttúruvernd ríkisins gerir engu að síður athugasemdir við það að ekki sé gerð grein fyrir urðun sláturúrgangs í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdaraðila sé slíkt ekki skylt þar sem slíkur úrgangur er urðaður annars staðar og því verði sú urðun ekki talin tilheyra þeirri förgunarstöð sem hér er til umfjöllunar. Þá fer Náttúruvernd ríkisins fram á að framkvæmdar verði rannsóknir í veiðivötnum en veiðimálastjóri telur framlögð gögn gera nægilega grein fyrir áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á nærliggjandi ferskvatn og veiðiskap og telur Skipulagsstofnun ekki ástæðu til frekari rannsókna.

Í umsögnum hafa komið fram ábendingar um að nauðsynlegt sé að mengunarmælingar liggi fyrir frá svæðinu áður en endanleg ákvörðun verði tekin. Fram hefur komið að á því verði tekið í starfsleyfi.

Í umsögnum hafa komið fram ábendingar um að framkvæmdin verði tekin til mats á umhverfisáhrifum samkvæmt eldri lögum nr. 63/1993 og er vitnað því til stuðnings til bráðabirgðaákvæðis í núgildandi lögum nr. 106/2000 um sama efni þar sem segir að mati á umhverfisáhrifum sem hafið er við gildistöku laga þessara skuli lokið samkvæmt eldri lögum. Skipulagsstofnun telur ný lög um mat á umhverfisáhrifum

gilda um framkvæmdina en þau tóku gildi þann 6. júní sl. en fyrsta erindi vegna framkvæmda þeirra sem eru hér til umfjöllunar barst stofnuninn þann 21. september 2000.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun yfirfarið gögn þau sem lögð hafa verið fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu. Á grundvelli þeirra gagna og að fengnu álitum Náttúruverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Hollustuverndar ríkisins og veiðimálastjóra telur Skipulagsstofnun að sorpurðun á Heydalamelum í Breiðdal, Breiðdalshreppi skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 27. nóvember 2000.

Stefán Thors

Hólmfríður Sigurðardóttir

Afrit: Náttúruvernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Hollustuvernd ríkisins og veiðimálastjóri